



## A 1601/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

## Nefndartillaga um að skólar minni á réttindi barna

### 1. Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að undirbúa og framkvæma sameiginlegan skóladag (t.d. 20. nóvember 2014) þar sem allir skólar á Norðurlöndum fagna 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nemendur læra um réttindi, lýðræði og samfélagsþátttöku barna. Haldið verði upp á daginn á ári hverju til að minna stöðugt á réttindi barna, einnig til framtíðar.

að boða til norrænnar ráðstefnu um jöfnuð meðal barna á Norðurlöndum. Markmið ráðstefnunnar yrði að víða að sér hugmyndum um bestu leiðir til að hvetja börn í áhættuhópum til að taka þátt í ákvarðanaferlum. Börn nýbúa, börn sem búa við fátækt, fötlud börn og börn drykkfelldra foreldra eiga rétt á að hlustað sé á þau. Hvernig getum við tryggt það?;

að undirbúa og framkvæma – í samstarfi við Norðurlandaráð – barna- og ungmennaping á öllum þjóðþingum Norðurlandanna á einum og sama degi (t.d. 20. nóvember 2014) þar sem unga fólkið tekur yfir þingið og ræðir mikilvæg mál frá sjónarhóli barna, lýðræðis og réttinda barna;

að útbúa norrænt app um réttindi barna sem nýtist börnunum sjálfum en einnig sem kennsluefni í skólum;

að eiga frumkvæði að og framkvæma þróunarstarf í löndunum þar sem *ungmennaráð* verða leiðandi við þróun og endurnýjun á opinberu norrænu samstarfi í samræmi við réttindi, hugmyndir og óskir barna og ungmenna;

að hrinda fyrrnefndu hugmyndum í framkvæmd með tilliti til sjónarmiða sem koma fram í álitinu – einkum varðandi samstarf við Barnahjálp SP en norrænn vinnuhópur á hennar vegum starfar

yfir landamæri Norðurlandanna og býr yfir sérfræðilþekkingu á þeim aðgerðum sem lagðar eru til hér á undan.

Norðurlandaráð

## 2. Aðdragandi

Næste år i 2014 kan ikke bare de nordiske lande, men også lande over hele verden, fejre 25-års-jubilæum for børns rettigheder og medbestemmelse: FN's Børnekonvention fylder 25 år. Dagen for jubilæet er den 20. november 2014.

De nordiske statsministre har valgt emnet: 'De unges Norden' som topmødeemne for dette års session i Nordisk Råd. Det er flot. Mange fremskridt er opnået siden konventionen blev vedtaget. Ifølge de fleste curriculums inden for undervisning i de nordiske lande, skal skoler og lærere undervise i demokrati, medborgerskab og børns rettigheder, og der findes flere NGO'er som særligt advokerer for dette udover, at de generelt varetager børns interesser. Børnetelefon og børnegrupper er velkendte tiltag, som direkte kan hjælpe børn, der står i en svær familie- og livssituation.

Endelig laver UNICEF et stort arbejde. Organisationen har nedsat børnepaneler for at høre børn og sætte dem direkte i spidsen for et udviklingsarbejde. UNICEF advokerer for børns rettigheder og har eksempelvis startet et nyt projekt op om 'rettighedsskoler' – projektet hedder *Rights Respecting School*. Disse skoler kan allerede nu påvise gode resultater, idet eleverne, der er med i rettighedsskole-projektet, trives langt bedre samtidig med, at deres faglige niveau er forbedret. Der findes flere gode eksempler, hvor børn høres og er repræsenteret som ligestillede medborgere.

## 3. Sjónarmið nefndarinnar

Þrátt fyrir góðar aðgerðir og dæmi telur menningar- og menntamálanefndin að nú sé rétti tíminn til að aðhafast meira til að standa vörð um og bæta réttindi barna. Það hefur sýnt sig að börn verða sveigjanlegri þegar þau þekkja réttindi sín. Sem dæmi má nefna að þegar félagasamtök halda málstofur með börnum þar sem hlustað er á börnin fjölga í kjölfarið tilkynningum til sveitarfélaganna um brot á börnum. Börn verða meðvituð um rétt sinn og tækifæri og opnari um vandamál sín, t.d. í svonefndum barnasíma. Sveigjanleikinn leiðir til þess að börnin spjara sig betur í skóla og í samskiptum sínum við umhverfið almennt. Á öllum Norðurlöndunum ríkir einhugur um að skólinn eigi að veita nemendum kennslu í réttindum barna. Allur gangur er þó á því hvernig því er sinnt. Kennarar veita sjaldan kennslu um mannréttindi eða réttindi barna og þegar það gerist er kennslan fremur handahófskennd. Margir hugsa sem svo að Barnasáttmálinn eigi aðallega við um lönd þriðja heimsins. Á Norðurlöndum er þó mikið verk óunnið í þeim efnum. Fullorðna fólkið; stjórnmalamenn og aðrir ráðamenn, kennarar og aðrir geta valið að líta þannig á að börn hafi réttindi ekki síður en fullorðnir þó að því viðbættu að börn hafa einnig þörf á vernd.

Því ber að líta á börn sem virka þátttakendur í samfélaginu og hlusta á það sem þau hafa að segja í málum sem varðar líf þeirra. Ekki bíða þar til þau hafa náð 18 ára aldri. Þá er það orðið of seint. Staðreyndin er sú að kosningaþátttaka fer minnkandi á Norðurlöndum. Ungt fólk gengur ekki í stjórnmalaflokka og því má segja að sótt sé að lýðræðinu. Menningar- og menntamálanefnd telur því löngu tímabært að beina sjónum að unga fólkinu sjálfu. Þegar hefur komið fram að skólar á vegum Barnahjálpar SP, svonefndir réttindaskólar, leggja áherslu á að bæta líðan barna og ekki síður námsframmistöðu þeirra. Nefndin telur ekki nóg að slíkt starf sé eingöngu í höndum Barnahjálparinnar og annarra samtaka. Menningar- og

### A 1601/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

Norðurlandaráð

### A 1601/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

menntamálanefnd Norðurlandaráðs vill hvetja ríkisstjórnir Norðurlandanna til að taka beinni þátt í þessu starfi. Löndin geta unnið miklu markvissara að réttindum barna en nú er gert.

Norðurlandaráð

Á Norðurlöndunum er löng hefð fyrir lýðræði, friðarrannsóknum, lausn deilumála og mannréttindum. Í mörgum skólum er þó enn hægt að bæta líðan barna svo um munar. Enn eru börn útskúfuð eða lögð í einelti ef þau eru ekki hluti af hópnum og bitnar það á líðan þeirra og námsframmi-stöðu. Það getum við ekki sætt okkur við á Norðurlöndum. Við höfum ekki efni á því.

#### A 1601/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

Menningar- og menntamálanefnd telur að minna beri á aldarfjórðungs-afmæli Barnasáttmálans samtímis á öllum Norðurlöndunum. Við hæfi væri að öll Norðurlöndin minntu á að börn eru jafngildir samfélagsþegnar og aðrir sem eiga rétt á athygli, að hlustað sé á þau og að þau geti komið að ákvarðanaferlum jafnfætis fullorðnum. Börnin eru alveg til í það. Þau láta mál sig varða þegar þeim er treyst til þess. En viðfangsefnið er stórt ef það á að leysa á fullnægjandi hátt. Fullorðnir verða að vera reiðubúnir að gefa eftir og veita börnum hlutdeild í völdunum. Fullorðnir verða að vera reiðubúnir að hlusta á það sem börnin hafa að segja og virða þau sem jafngilda samstarfsaðila. Margvísleg verkefni eru í boði.

Norðurlandaráð

#### A 1601/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

Nefndin leggur til að norrænu þjóðþingin standi að ungmennáþingum á einum og sama degi þar sem unga fólkíð tekur yfir þjóðþing Norðurland-anna, t.d. 20. nóvember. Ríkisstjórnir Norðurlandanna geta ennfremur ákveðið að koma á sameiginlegum degi í öllum skólum á Norðurlöndum, í fyrsta sinn 20. nóvember 2014, til að minna á 25 ára afmæli Barnasáttmála SP og mikilvæg málefni á við lýðræði, samfélagsþátttöku og réttindi – frá sjónarhóli barna. Nemendum á að finnast skólinn vera góð og mikilvæg stofnun fyrir alla. Barnasáttmáli SP á ekki eingöngu við um lönd þriðja heimsins fjarri veruleika Norðurlandanna. Okkur ber pólitísk skylda til að beina sjónum að kjörum barna og bæta þau – en það verður að vera á forsendum barnanna sjálfra.

#### 4. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur menningar- og menntamála- nefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að undirbúa og framkvæma sameiginlegan skóladag (t.d. 20. nóvember 2014) þar sem allir skólar á Norðurlöndum fagna 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nemendur læra um réttindi, lýðræði og samfélagsþátttöku barna. Haldið verði upp á daginn á ári hverju til að minna stöðugt á réttindi barna, einnig til framtíðar.

að boða til norrænnar ráðstefnu um jöfnuð meðal barna á Norðurlöndum. Markmið ráðstefnunnar yrði að viðá að sér hugmyndum um bestu leiðir til að hvetja börn í áhættuhópum til að taka þátt í ákvarðanaferlum. Börn nýbúa, börn sem búa við fátækt, fötluð börn og börn drykkfelldra foreldra eiga rétt á að hlustað sé á þau. Hvernig getum við tryggt það?;

að undirbúa og framkvæma – í samstarfi við Norðurlandaráð – barna- og ungmennáþing á öllum þjóðþingum Norðurlandanna á einum og sama degi (t.d. 20. nóvember 2014) þar sem unga fólkíð tekur yfir þingið og ræðir mikilvæg mál frá sjónarhóli barna, lýðræðis og réttinda barna;

að útbúa norrænt app um réttindi barna sem nýtist börnunum sjálfum en einnig sem kennsluefni í skólum;

að eiga frumkvæði að og framkvæma þróunarstarf í löndunum þar sem *ungmennaráð* verða leiðandi við þróun og endurnýjun á opinberu norrænu samstarfi í samræmi við réttindi, hugmyndir og óskir barna og ungmenna;

að hrinda fyrrnefndu hugmyndum í framkvæmd með tilliti til sjónarmiða sem koma fram í álitinu – einkum varðandi samstarf við Barnahjálpi SP en norrænn vinnuhópur á hennar vegum starfar yfir landamæri Norðurlandanna og býr yfir sérfræðiþekkingu á þeim aðgerðum sem lagðar eru til hér á undan.

Ósló, 29. október 2013

*Anu Urpalainen (saml)*  
*Göran Montan (M), formaður*  
*Harry Jansson (ÅC)*  
*Ingebjørg Godskesen (FrP)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karen Ellemann (V)*

*Kristen Touborg (SF)*  
*Liselott Blixt (DF)*  
*Rasmus Lynghøj (S)*  
*Róbert Marshall (Björt framtíð)*  
*Svein Harberg (H)*  
*Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)*

Norðurlandaráð

**A 1601/kultur**

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1

Norðurlandaráð

**A 1601/kultur**

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer 13-00143-1